

LANDSFUNDUR LH 2020

Skýrsla laganefndar

Stjórn laganefndar:

Ólafur Haraldsson, formaður
Ingi Tryggvason, meðstjórnandi
Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi

Hér að neðan er að finna skýrslu laganefndar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2020 fram að formannafundi LH í nóvember 2020.

Laganefndin hefur á starfstímabilinu verið stjórn sambandsins og keppnisnefnd til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni sem upp hafa komið og aðstoðað stjórnina við gerð samninga o.fl. Fundir voru haldnir með fulltrúum úr stjórn sambandsins og fulltrúum í keppnisnefnd, vegna endurskoðunar á lögum sambandsins.

Þá hefur laganefndin unnið að heildarendurskoðun á lögum LH og samræminu á þeim við núgildandi reglur FEIF. Hefur mikill tími farið í þessa vinnu af hálfu laganefndar. Hefur laganefnd vegna þessa fundað með stjórn og keppnisnefnd og unnið að uppfærslu laga LH með starfmönnum sambandsins. Vinna þessi er langt á veg komin, en ekki liggur fyrir á þessari stundu, hvenær henni verður lokið og hægt verður að kynna afrakstur hennar fyrir félagsmönnum.

Allir fundir nefndarinnar á starfstímabilinu hafa verið rafrænir í gegnum tölvupóst eða síma.

Tvö formleg erindi bárust laganefnd, bæði frá stjórn sambandsins, annars vegar um túlkun á lögum LH, gr. 1.4.1 um kjörgengi og hinsvegar um álit á keppnisreglum LH varðandi reglur um ógildingu á árangri knapa á mótum og hvaða áhrif ófullnægjandi skil á mótaskýrslu hafi við mat á árangri knapa.

F.h laganefndar
Stjórn